

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 15.03. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:06

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Cuxhaven

EK og ÁBF til í að fara ef kostar þá ekki neitt.

2. Írskur siglingaþjálfari

EK er búin að fá svar frá Írlandi, erindið er komið til írska siglingasambandsins. Biðja um að fá að vita hvaða laun verða í boði. GGH vill vita hvað er greitt úti. EK heldur að sé 16.000 á viku, 80-90.000 á mánuði auk fæðis og húsnæðis. GGH spyr hvar ætti að búa. GGH, EK og TÆ þurfum að kaupa farmiðann, ÁBF telur að sé um 40.000. EK spyr hvað við séum tilbúin að greiða fyrir 8 tíma vinnu á dag frá júní og fram í miðjan ágúst, oftast er um háskólakrakka að ræða. ÁBF nefnir 80.000, 20.000 í vasapeninga fyrir mat, finnst í lagi að fara upp í 100.000 það sé nóg, þó þurfi að fæða sig. EK og TÆ finnst lágt. EK segir að þurfi að greiða skatt af laununum og spyr hvað við þyrftum að greiða íslenskum þjálfara. ÁBF og GGH spyrja um flokksstjóraaun. BS segir hafi verið 108.000 á mánuði á síðasta ári. FH telur þau hafi hækkað mikið: eru miðuð við laun grunnskólakennara. BS heldur að nýji samningurinn taki ekki gildi fyrr en í ágúst. TÆ, HÁ og GGH: einhverjar hækkanir hafi komið strax.. BS segir að verði að geta byrjað 6. júní. EK segir að í skeytinu hafi verið talað um júní-ágúst, segir spurningu um hvort við fáum þrælmenntaðann siglingaþjálfara eða leiðbeinanda. FH segir okkur verða að útvega húsnæði og farseðil. ÁBF segir að hámarkið sé flokksstjóraaun, fara aldrei herra en það. EK stillir upp 2 kostum X kr og sér um allt sjálfur eða 20.000 í vasann og Þytur greiðir allan kostnað. HÁ, TÆ og FH: verðum að bjóða upp á gistingu. GGH verðlag á leigumarkaði er mjög hátt. FH færir ekki erlendis nema vita um gistingu fyrirfram. GGH nefnir gistiheimilið Berg, þar hafa Haukarnir fundið húsnæði fyrir sinn þjálfara, nefnir líka að leigja herbergi hjá Magga. ÁBF nefnir skátaheimilið sem kost. EK hefur dottið í hug að innrétta stjórnarherbergið. TÆ segir hér vanta allt, eldavél, ísskáp....GGH leggur til að verði frestað til næsta fundar. Fundarmenn sammála því, nota tímann þangað til til að spá í gistimöguleika, flug og reikna út skatt. BS nefnir að ef það verður ráðinn erlendur siglingaþjálfari verði einnig að ráða íslenskan flokksstjóra. EK tekur undir það.

3 Zzap

EK segir að ákveðið hafi verið að kaupa 5 Zzap, við 2, ÍTR 2, 2 einstaklingar 1 það eru komnir 5. David Hart er tilbúinn að koma einhvern tíma til að kenna á bátana ef keyptir verða 6 til landsins. FH vísar í skýrslu SÍL: erlendis eru menn hissa á að við séum að spá í þessa báta. GGH segir að sé ekki Ólympíubátur eins og Laser og Optimist, á þeim vettvangi er ekkert farið að tala um þennan bát. EK sammála þessu sjónarhorni, er bara keppnisbátur á Írlandi og Grikklandi. FH vill sjá hvernig þróun þessa báts verður á alþjóðlegum mælikvarða. TÆ sammála sjá frekar hvað er að gerast annars staðar. GGH nefnir að ef alþjóðasambandið fer að tala um þessa báta líti þetta öðru vísi út leggur til að verði hætt við þetta í bili, það sé alltaf hægt að taka þetta upp aftur. “Ákvörðun um kaup á Zzap er afturkölluð þar sem fram er komið að áhugi á bátnum er ekki eins mikill og fram var haldið “ Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 greiðir ekki atkvæði.

4. Mögulegir siglingaþjálfarar sumarið 2001

FH vill fá tillögur um nöfn á þeim sem mögulega gætu sinnt siglingaþjálfun næsta sumar. Nefnd nöfn: Tinni, Haffi, Gauji, Gunni, Rúnar e.t.v. á kvöldin, Arnþór, Friðrik Örn og krakkarnir sem voru síðasta sumar. EK segir þau verða leiðbeinendur þar til hafi farið á almennilegt námskeið. GGH segir að alltaf þurfi að lágmarki að vera 3 starfsmenn. FH segir að fáum vinnuskólakrakka þurfum 2 þjálfara, aðstoðarmann í bát, og 2-4 aðstoðarmenn í landi. TÆ segir að séu 7. EK spyr um tillögu flokksstjóra síðasta sumar með að byrja alla mánudaga og láta skarast. FH segir að hugmyndirnar gangi út á það, þurfi líka meira kvöldstarf frá 19 eða 20. FH segir að ekki sé búið að fullvinna tillögur um hvað verði keypt, það sé verið að hugsa um t.d. kajaka og fl. Það þarf að athuga hvað þetta kostar og forgangsraða á lista það sem vantar og verð. FH segir að þurfi að þjálfra á morgnanna og á kvöldin og spurning sé um vinnu á kvöldin. GGH segir að lágmarksmönnun á kvöldin eru 3, þeir sem þá sigla eru meira sjálfbjarga. BS spurð um þátttöku síðasta sumar. Segir að á morgun námskeiðum hafi verið fyrst 15. Börn, svo 14, á námskeiði nr. 3 hafi verið 12 og á námskeiði 4 hafi verið 5 börn. Bara 3 fóru á framhaldsnámseið e.h. EK segir að sé aðeins helmings nýting. BS spyr hvort eigi að stefna að námskeiðum bæði fyrir og eftir hádegi. GGH og TÆ finnst það, vera dugleg að auglýsa og fjalla um í blöðunum. FH segir að lágmark að 2 starfsmenn verði á launum hjá Þyt, 16 ára og yngri eru á launum hjá bænum. EK segir að krakkarnir sem voru í fyrra hafi ekki verið á launum hjá vinnuskólanum. BS segir að hafi verið 3. FH segir að bærinn borgi laun flokksstjóra í júní og júlí en Þytur þurfi að greiða ágúst. FH ætlar að tala við þá sem voru starfsmenn síðasta sumar um næstu helgi. EK veit að Hafsteinn vill vera áfram í Siglunesi. FH og GGH segja þar frjálslægri vinnutíma. EK segir okkur skuldbundin bænum þurfum að geta tekið á móti leikjanámskeiðum bæjarins.

5. Olympíuleikar æskunnar.

EK segir að þeir sem koma til greina séu allir úr Þyt, þurfa að byrja að æfa og setja svo upp úrtökumót til að skera úr um hverjir fari. EK segir að Birgir Ari hafi sagt að væri verkefni klúbbanna, en Hafsteinn vilji fara að æfa á Laser, en veit ekki hvor Sigga er tilbúin, EK vill koma af stað þrekæfingum og siglingum. Strákarnir æfi á Laser en stelpur á Europ. GGH telur að of seint sé að byrja að æfa á Europ, auk þess

sem að klúbbarnir eigi ekki heila þannig báta, ef klúbbarnir eiga þá séu þeir nánast ósjófærir og ónýtir, þeir sem eru til eru í einkaeign. EK segir rétt að klúbbarnir eigi ekki bát en þeir séu til, okkur bjóðist að senda 2 á mótið á kostnað ólympíunefndar segir að verði auglýsing fyrir klúbbinn. GGH finnst seint að byrja að þjálf núna á Europ fyrir mót sem er eftir nokkra mánaði. TÆ segir að stelpur verði að keppa á Europ það sé eini möguleiki þeirra til að fara. GGH spyr hvort þau fái bát úti, veit að Europ er miklu erfiðari en Laser. EK spyr GGH hvort það sé næg ástæða til þess að hætta við, ítrekar að þeir sem komi til greina eru úr þyt þessu þurfi að koma í blöðin og auglýsa. ÁBF segir að sé ekki eins og olympíuleikar, verður fjölsóttasta mótið til þessa, því er í fyrsta sinn í Evrópu segir að sé komin “dead line” á þátttöku-tilkynningar því fjöldi þátttakenda er svo mikill. EK segir að þeir sem geta farið þurfi að vera fædd ‘83 og ‘84. HÁ segir ekki bara nóg að redda bát fleira þurfi að koma til. EK hefur spurt SÍL hvenær eigi að byrja, þeir hafa talað við Hafstein. GGH segir að Hafsteinn hafi ætlað að koma og byrja að æfa, þeir sem fari þurfi að koma og æfa og reyna að finna bát sem hægt er að redda. BS spyr um hvernig sé að tapa fyrir einum einstakling. EK finnst umræðan neikvæð, það þurfi að fá Hafstein til að setja upp þjálfunar-prógramm. SÍL er búinn að tala við hann það er svo klúbbanna að vera með æfingar. FH segir að vegna starfsleyfis krefjast þetta alltaf 3 manna. 2 á bát og einn í landi. GGH segir að það verði að laga fjöruna svo hægt sé að koma bátunum út. GGH gerir athugasemdir segir að talað sé um að tilnefna einhverja á stórt mót, þau eru ekkert að æfa, og ekkert meira er gert svo að krakkarnir komi og sigli, þau fari bara og skrifi smá skýrslu og svo ekkert meira. EK segir að það verði æfingar og svo úrtökumót og valið eftir getu, þeir bestu sendir, segir að beðið hafi verið eftir að SÍL gerði eitthvað, Birgir Ari hafi sagt að væri í höndum klúbbana. GGH finnst undarlegt að þeir (þ.e. klúbbarnir) séu ekkert látnir vita af því. Ek segir að enginn kostnaður lendi á okkur nema með æfingar núna og heldur að Hafsteinn verði liðstjóri í ferðinni.

6. Secret segl

GGH leggur fram bréf til kynningar með upplýsingum um verð á Secret seglum. Kostar um 500.000 á aðra. Segir það hafa kostað um 70.000 að setja Sjóva merkið í. Rifjar upp að það hafi verið samþykkt fyrir löngu að kaupa fokkur. Segl með merki sem farið er að sauma í kosti um 500.000

7. Keppnisstyrkur

GGH hefur samið bréf til markaðsstjóra Sparisjóðs Hafnarfjarðar um keppnisstyrk, ekki rætt

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:40

Birna Sigþórsdóttir (sign)